



Reykjavík, 15.9.2015
IE15090003

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
b.t. Gests Páls Reynissonar verkefnisstjóra
Sæmundargötu 2,
101 Reykjavík

Umsögn um úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála og Félagsvísindadeildar HÍ á Betri Reykjavík og Betri hverfi

Í samstarfssáttmála við myndum meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur 2014-2018 kemur fram: *Gerð verði úttekt á kostum og göllum Betri Reykjavíkur og Betri hverfa og gerðar tillögur um næstu skref í rafrænu þátttökulýðræði.* Reykjavíkurborg samdi fyrr á þessu ári við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála um að framkvæma úttekt á Betri Reykjavík og Betri hverfi. Undirritaður hefur fengið drög greinargerðar úttektarinnar til yfirlstrar og bendir hér að neðan á nokkur atriði sem vert er að huga að:

- **Helstu tillögur.** Í kaflanum er helstu tillögum skipt upp í tvo flokka. Annars vegar um hlutlausu og faglega samráðsgátt og hins vegar um upplýsingagjöf og gagnsæi. Meðal annars með hliðsjón af því að upplýsingatæknimálum var fyrir nokkrum árum fyrir komið í einni einingu, *Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar*, myndi það styrkja niðurstöður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála að greinargerðin hlyti rýningu viðkomandi ábyrgðaraðila innan borgarinnar.
- **Stefnumörkun.** Höfundur bendir á að það virðist vera óskýrt hvert sé markmið og tilgangur verkefnanna Betri Reykjavík (Br) og Betri hverfi (Bh). Undirritaður er sammála höfundum að líklega er þörf á stefnumörkun í þátttökulýðræði. Br og Bh eru áhugaverðar lausnir en þátttaka borgarbúa ekki hlutfallslega mikil. Til viðbótar við Br og Bh hefur borgin fleiri leiðir til samráðs við borgarbúa. Það kann að stuðla að óskilvirkni að hafa margar boðleiðir og skapað óvissu meðal borgarbúa hvaða leið eigi að velja til að koma til skila ábendingum/kvörtunum/tillögum. Reykjavíkurborg þarf að gæta að eftirfarandi ákvæðum í nýlega samþykktri upplýsingastefnu Rvík:
 - *Tryggt sé að borgarbúar geti komið hugmyndum sínum og ábendingum á framfæri við Reykjavíkurborg. Skilgreint sé með hvaða hætti almenningi verði auðveldað að koma á framfæri athugasemdum og hvernig brugðist sé við þeim.*
 - *Leitað sé með skipulegum hætti eftir viðhorfum, skoðunum og væntingum borgarbúa og hagsmunaðila. Þau sjónarmið verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir Reykjavíkurborgar.*
 - *Reykjavíkurborg finni leiðir til að tryggja gagnvirk samskipti sem flestra við borgina t.d. með því að nýta netkosningar, skoðanakannanir, samfélagsmiðla, kynningar- og umræðufundi, umræðutorg, netspjall og aðrar samráðsleiðir.*

- **20 efstu málin og verkefnaval.** Í umfjöllun höfunda greinagerðar um kosningar í betri hverfi kemur fram að:
 - *20 efstu málin eiga að hljóta fjárheimildir, en fagteymið hefur heimild þess að skipta út 5 þeirra fyrir mál sem hafa fengið minna fylgi*
 - *Þessum hættum er m.a. mætt með því að hverfisráð skipta út verkefnum sem ekki hlutu kosningu í stað kosinna verkefna (mega breyta 5 verkefnum eins og fram hefur komið)*

Gæta þarf að orðavali í greinagerð en skv. vef bh er ferlið þannig að hverfisráð fer yfir verkefni í vinsældarröð sem birtast á samráðsvefnum. Hverfisráð getur skipt út 5 af efstu 20 fyrir önnur fimm. Þá eru komin 20 verkefni sem borgarbúa kjósa um. Það þýðir ekki að öll 20 verkefni innan hverfis fái fjárheimild.

Í reglum um rafrænar kosnar Betri hverfa 2015 kemur fram að *Íbúar geta kosið um allt að 20 verkefni í einu hverfi og Kjósendur geta valið saman þann fjölda verkefna sem þeir vilja, þar til þeirri heildarupphæð er náð sem hverfið hefur til umráða eða þar til fjárheimildin dugir ekki lengur fyrir neinu af þeim verkefnum sem ekki hafa verið valin.*

Ef verklagið er á þann veg sem lýst er í greinagerð að hverfisráð geti skipt út verkefnum sem ekki hlutu kosningu í stað kosinna verkefna þá væri það brot á reglum betri hverfa um rafrænar kosningar 2015. Þar kemur fram *Kosningar fela í sér endanlega ákvörðun um val þessara verkefna í hverfum Reykjavíkur fyrir árið 2015.*

Í drögum að greinagerð kemur marg oft fram að niðurstaða kosninganna er ekki bindandi, gæta þarf að og gera greinarmun á niðurstöðum á samráðsvef og niðurstöðum rafrænna kosninga í Bh. Hverfisráð geta átt við röð verkefna af samráðsvef en hvorki hverfisráðin eða aðrir hafa heimild til að fara framhjá niðurstöðu rafrænna kosninga Bh. Mikilvægt er að gæta orðalags í greinagerð og lagfæra þar sem við á.

- **Hætta á misskilningi lesanda.** Í meðferð tölulegra gagna þarf að passa að túlkun þeirra og framsetning verði ekki misskilin. Hætta er á að slíkt geti átt sér stað við yfirlestur greinagerðar, t.d. í samtantekt þar sem fram kemur að *Hins vegar eru aðeins rúm 38% íbúa ánægðir eða frekar ánægðir með verkefnin.* Við skoðun á niðurstöðum viðhorfskönnunar kemur réttilega fram að 38% eru ánægðir en rétt væri að greina einnig frá því 4-5% séu óánægð, annars gæti lesandi misskilið setninguna á þann veg að 62% svaranda (100%-38% = 62%) séu óánægð.
- **Tölulegar upplýsingar.** Í stöku tilvikum voru raknar heimildir gagna í greinagerð og kom það fyrir að tölurnar voru ekki alveg réttar. Mælst er til þess að þriðji aðili fari yfir allar tölulegar upplýsingar til að fyrirbyggja rangfærslur í framsetningu tölulega gagna sem mögulega geta haft áhrif á túlkun og niðurstöður stofnunnar.
- **Neikvæður tónn í greinagerðinni.** Talnaefni er oft túlkað með neikvæðum formerkjum, t.d. x óánægðir í stað y ánægðir, sbr. dæmi hér að ofan, sem virðist benda til ákveðinnar hlutdrægni höfunda. Annað dæmi um neikvæða túlkun höfunda er að finna í upphafi kafla 3.1 En þar kemur fram:

Á töflu 1 í viðauka kemur fram að tæpur helmingur borgarbúa er frekar eða mjög óánægður með BR og Bh eða þekkir ekki til kerfanna. Hér eru þessir hópar nefndir í sömu andrá, enda ekki trúverðugt að íbúar hafi ekki heyrt af kerfunum, líklegra er að þeir vilji ekki vita af þeim. Um 10% færri eru ánægðir, eða svipað margir og þekkja kerfin vel.

Við skoðun á töflunni sem vísað er í kemur fram að skoðun borgarbúa sé:

Br: 41,5% er ánægð 5,4% er óánægð, 36,2% þekkir ekki

Bh: 41,3% ánægð, 4,8% óánægð, 41,6% þekkir ekki.

Hlutlausari nálgun væri að horfa á svörin án túlkunar á svarmöguleikanum „þekkir ekki“. Það er að segja að rúmlega fjórtíu prósent er ánægð með Bh og Br. Rökstuðningi virðist áfátt með túlkun þess að allir sem svara „þekkir ekki“ svari svo vegna stjórnmalaskoðunar í stað einfaldlega að hafa ekki kynnt sér verkefni (Br og Bh). Þetta er aðeins eitt dæmi um túlkun sem bent er á að lagfæra, því er lagt til að yfirfarnar séu túlkanir í greinagerð sem byggðar eru á tölulegum gögnum í heild sinni.

- **Þátttökulýðræði.** Vakin er athygli á því að ein ástæða fyrir því að virkir þátttakendur í Bh og Br séu ekki fleiri en 3.000-5.000 og að um 7,3% borgarbúa kusu síðast í Bh er áhugaleysi borgarbúa á verkefnum sveitarfélaga. En í sveitarstjórnarkosningum 2014 voru 90.489 á kjörskrá í Reykjavík og kjörsókn minni en vonast var eftir eða 62,9%. Samráð er íbúa er mikilvægt en ljóst er að ekki hafa allir íbúar áhuga á því.

Í greinagerð Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er lagt til að verkefni Br og Bh verði lögð niður í núverandi mynd. Jafnframt að alger uppstokkun eigi sér stað í upplýsingatæknimálum borgarinnar. Undirrituðum finnst skorta töluvert ítarlegri rökstuðning fyrir niðurstöðunum.

Virðingarfyllst,



Hallur Símonarson

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar